

YFIRKJÖRSTJÓRN REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS NORÐUR

Ár 2021, laugardaginn 25. september kemur yfirkjörstjórn Reykjavíkurdæmis norður saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 06:50. Þá voru mætt: Erla S. Árnadóttir, Sigfús Ægir Árnason, Halldóra Björt Ewen, Kolbrún Garðarsdóttir, Sólveig Rán Stefánsdóttir og Ari Karlsson. Með yfirkjörstjórn eru: Helga Björk Laxdal, Bjarni Þóroddsson, Ólöf Magnúsdóttir, Þórhildur Lilja Ólafsdóttir og Hildur Lilliendahl Viggósdóttir.

Ari Karlsson heldur fundargerð.

Eftirfarandi gerðist:

1. Hinn 22. september sl., kl. 11:00 sótti Páll Hilmarsson, starfsmaður yfirkjörstjórnar, atkvæðakassa með utankjörfundaratkvæðum til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og flutti í Tjarnarbúð í borgarstjórnarhúsi. Innsigli atkvæðakassa voru rofin og skráning og flokkun utankjörfundaratkvæða í kjördeildir var hafin. Að kvöldi var Tjarnarbúð innsiglið af Páli Hilmarssyni, starfsmanni yfirkjörstjórnar. Viðstaddur flutning, opnun atkvæðakassa og innsigliun Tjarnarbúðar að kvöldi var Jón Þór Ólafsson, f.h. P-lista.
2. Hinn 22. september sl. voru haldnir kynningarfundir í fjarfundarbúnaði með hverfis- og undirkjörstjórnnum um framkvæmd kosninganna í Ráðhúsi.
3. Hinn 23. september sl. rauf Páll Hilmarsson innsigli, sem var heilt og órofið, að Tjarnarbúð til þess að vinna að skráningu og flokkun og innsiglaði herbergið aftur að kvöldi. Viðstaddur var Jón Þór Ólafsson f.h. P-lista.
4. Hinn 24. september sl. kl. 09:00 sótti Páll Hilmarsson, starfsmaður yfirkjörstjórnar, atkvæðakassa til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, flutti í Tjarnarbúð, og rauf innsigli sem var heilt og órofið, og haldið er áfram skráningu og flokkun utankjörfundaratkvæða.
5. Hinn 24. september sl., kl. 13:00, tók oddviti á móti 50.000 atkvæðaseðlum, ásamt öðrum kjörgögnum frá Dómsmálaráðuneytinu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Kjörseðlum var komið fyrir í geymslu á 2. hæð borgarstjórnarhúss sem var innsiglið: innsiglisnúmer K00014480.
6. Hinn 24. september sl. kl. 22.00 sótti Páll Hilmarsson atkvæðakassa með utankjörfundaratkvæðum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og innsigli kassa voru rofin. Skráningu og flokkun atkvæða í kjördeildir er lokið aðfaranótt laugardags.
7. Kl. 06:49 rýfur oddviti ásamt Helgu B. Laxdal innsigli að atkvæðageymslu og var innsigli heilt og órofið.
8. Kl. 07:10 eru eftirfarandi fulltrúar hverfiskjörstjórna mættir: a) Ingunnarskóli: Benedikt Skúlason og Ívar Víncent Smárason, b) Klébergsskóli: Auður Ösp Guðjónsdóttir, c) Borgaskóli: Steinar Örn Steinarsson, d) Foldaskóli: Davor Purusic og Ólafur Sólimann Helgason, e) Dalskóli: Birgir Björn Sigurjónsson og Kristín Arnórsdóttir, f) Rimaskóli: Herdís Jóhannsdóttir og Elísabet Kolbeinsdóttir, taka við mótteknum atkvæðum utan kjörfundar, kjörseðlum, og öðrum kjörgögnum hverfiskjörstjórnar, sem kvittað er fyrir á fskj. 1 með fundargerð þessari.
9. Kl. 07:20 eru eftirfarandi fulltrúar hverfiskjörstjórna mættir: a) Menntaskólinn við Sund: Hanna Guðmundsdóttir, Tómas Ingi Adólfsson, b) Laugalækjarskóli: Ólafur Ingibergsson og Helga Björg Ragnarsdóttir, c) Kjarvalsstaðir: Asbjörn Jónasson og Guðni F. Oddsson d) Vesturbæjarskóli: Ívar Karl Bjarnason og Kristjana Fenger, e)

Ráðhús Reykjavíkur: Albert Björn Lúðvíksson og Benedikt Hjartarson, f) Álftamýrarskóli: Theódóra Sigurðardóttir og Stefán Snær Stefánsson, taka við móttæknum atkvæðum utan kjörfundar, kjörseðlum, og öðrum kjörgögnum hverfiskjörstjórnar, sem kvittað er fyrir á fskj. 1 með fundargerð þessari.

10. Viðstaddir afhendingu eru eftirtaldir umboðsmenn framboðslista í kjördæminu: a) S-listi: Mördur Árnason og Elín Árnadóttir, b) C-listi: Baldur Pétursson, c) V-listi: Magnús S. Helgason og Sigurbjörg Gísladóttir, d) F-listi: Þórarinn Óskarsson.
11. Með framangreindum hætti eru afhentir 47.000 kjörseðlar í 47 kjördeildir á 13 kjörstöðum við Alþingiskosningar í kjördæminu.
12. Kl. 07:40 er 3.000 atkvæðaseðlum komið fyrir í atkvæðageymslu á 2. hæð borgarstjórnarhúss – sem er innsiglið: innsiglisnúmer K000144881.
13. Kl. 08:15 er upplýst úr Foldaskóla að umboðsmenn Pírata hafi óskað eftir að innsigla atkvæðakassa fyrir opnun kjörfundar. Beiðninni er synjað af hverfiskjörstjórn enda standa ákvæði kosningalaga ekki til þess að umboðsmenn setji innsigli sín á atkvæðakassa meðan á kjörfundi stendur, sbr. og fundarreglur yfirkjörstjórna Reykjavíkurkjördæma nr. 1/2021. Áréttað er að umboðsmönnum er heimilt að setja innsigli sín við flutning kjörkassa af kjörstöðum til talningarstaðar.
14. Kl. 09:00 hefst kjörfundur.
15. Kl. 10:00 er kjörsókn í kjördæminu 2,63%.
16. Kl. 09:40 fer Helga B. Laxdal á kjörstaði kjördæmisins og tekur í sínar vörslur lykla af fyrri atkvæðakössum, að undanskildum kjörstöðunum: Klébergsskóli, Álftamýrarskóli, Menntaskólinn við Sund og Laugalækjarskóli.
17. Kl. 11:00 er kjörsókn í kjördæminu 6,96%.
18. Kl. 12:23 er lagður fram tölvupóstur vörustjóra stafræns Íslands, dags. í dag, um það að villur við skönnun stafrænna ökuskírteina, geti tengst því að notandi hefur sett upp ökuskírteini á fleiri síma eða tækjum, eða í öðru en viðurkenndu veskisforriti, sem leiðir til þess að af öryggissökum er ekki unnt að staðreyna ökuskírteinin. Leitað sé lausna til að bregðast hér við.

Fram fara umræður.

Samþykkt er að senda leiðbeiningar til hverfiskjörstjórna um að nota beri hefðbundnar aðferðir ef skönnun rafrænna ökuskírteina ber ekki árangur.
19. Kl. 12:00 er kjörsókn í kjördæminu 12,36%.
20. Kl. 12:34 er innsigli að atkvæðageymslu rofið þar sem leitað er að búnaði sem kann að vera geymdur þar. Geymsla innsiglið á ný af oddvita með innsigli: innsiglisnúmer K000144882.
21. Kl. 13:00 kemur Helga B. Laxdal til baka af kjörstöðum.
22. Kl. 13:00 er kjörsókn í kjördæminu 17,36%.

23. Kl. 13.40 fara Erla S. Árnadóttir, Sólveig Rán Stefánsdóttir og Halldóra Björt Ewen á kjörstaðina: Menntaskólann við Sund og Laugalækjarskóla og taka lykla af fyrri atkvæðakössum í sínar vörslur og koma til baka kl. 15:00.
24. Kl. 14:00 er kjörsókn í kjördæminu 23,75%.
25. Kl. 15:00 fara Sigfús Ægir Árnason og Ari Karlsson á kjörstaðina: Kjarvalsstaði, Álftamýrarskóla og Klébergsskóla og taka lykla af fyrri atkvæðakössum í sínar vörslur.
26. Kl. 15:00 er kjörsókn í kjördæminu 30,77%.
27. Kl. 16:00 er kjörsókn í kjördæminu 36,76%.
28. Kl. 17:00 er kjörsókn í kjördæminu 43,02%.
29. Kl. 17:00 – 17:20 fara skipti á atkvæðakössum á öllum kjörstöðum í kjördæminu fram, að undanskildum Klébergsskóla.
30. Kl. 17:10 koma Sigfús Ægir Árnason og Ari Karlsson til baka.
31. Kl. 17:25 fara Kolbrún Garðarsdóttir og Ari Karlsson til talningarstaðar í Laugardalshöll.
32. Frá kl. 17:00 berast fyrri atkvæðakassar úr kjördeildum kjördæmisins til talningarstaðar í Laugardalshöll vegna flokkunar og undirbúnings talningar – þegar skipti á atkvæðakössum fara fram. Fyrir hönd yfirkjörstjórnar eru mætt þau Ari Karlsson og Kolbrún Garðsdóttir sem verða viðstödd flokkun atkvæða. Þar eru jafnframt mætt: talningastjórnarnir Ívar Örn Ívarsson, og Bryndís Bachmann, Helga B. Laxdal og Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, starfsmenn yfirkjörstjórnar, og eftirtaldir umboðsmenn framboðslista: Mördur Árnason, S-lista, Gísli Kr. Björnsson, D-lista, Örn Bergmann Jónsson, M-lista, Steinar Guðlaugsson og Haraldur R. Ingvason P-lista, Laufey Líndal Ólafsdóttir, J-lista, Valur Sigurðsson, F-lista, Sigurbjörg Gísladóttir, V-lista og Sævar Þór Jónsson, B-lista.
33. Kl. 18:05 er talningastað lokað og allir inngangar hans innsiglaðir af Páli Hilmarssyni, starfsmanni yfirkjörstjórnar.
34. Kl. 18:00 er kjörsókn í kjördæminu 48,36%.
35. Kl. 19:00 er kjörsókn í kjördæminu 53,04%.
36. Kl. 19:30 óskar Haraldur R. Ingvason umboðsmaður Pírata eftir því að bóka eftirfarandi:
- „Við yfirferð á kjörkössum kom í ljós að hægt væri að koma blaði milli loks og kassal á kjörkassa úr 6. kjördeild Ráðhúsi þrátt fyrir að hann væri læstur og innsiglaður. Lokað var fyrir þennan möguleika af umboðsmanninum með innsigli framboðsins áður en kassinn var fluttur af kjörstað. Engin brík er innan í loki kassans og eru þó nokkrir slíkir kassar í umferð. Umboðsmaðurinn gerir athugasemd við þessa framkvæmd“.
- Upplesið fyrir umboðsmanninum í heyranda hljóði og staðfest af honum.
37. Kl. 20:00 er kjörsókn í kjördæminu 56,7%.
38. kl. 21:00 er kjörsókn í kjördæminu 59,00%.

39. Kl. 21:15 fara Erla S. Árnadóttir, Halldóra Björt Ewen og Sólveig Rán Stefánsdóttir til talningarstaðar í Laugardalshöll.
40. Kl. 22:00 eru innsigli rofin á talningarsal í Laugardalshöll af oddvita yfirkjörstjórnar. Talningarfólk gengur til talningarsalar og talning atkvæða hefst. Upplýst er að á kjörskrá í Reykjavík hafi alls verið 45.361.
41. Kl. 22:00 er kjörfundi slitið og Sigfús Ægir Árnason heldur til Laugardalshallar og er aðsetur yfirkjörstjórnar þar með flutt þangað meðan á talningu stendur.
42. Kl. 22:30 er úrskurðað um vafaatkvæði og er 41 atkvæði úrskurðað ógilt og 39 atkvæði gild. Viðstaddir eru umboðsmenn eftirtalinna framboðslista: Elín Árnadóttir, S-lista, Magnús S. Helgason, V-lista, Steinar Þór Guðlaugsson og Haraldur R. Ingason, P-lista, Sævar Þór Jónsson B-lista, og Gísli Kr. Björnsson D-lista.

Umboðsmenn gera ágreining um atkvæði sem merkt er nr. 1 á sérstökum fylgiseðli undirrituðum af umboðsmönnum, sbr. fskj. 2 með fundargerð þessari, en samandregið er efni ágreinings eftirfarandi:

- **Ágreiningsatkvæði nr. 1** er með þeim hætti að skástrík er í ferningi C-lista en kross er í ferningi V-lista. Yfirkjörstjórn telur að atkvæðið beri að meta ógilt þar sem merkt sé við fleiri en tvo lista og ekki verði séð með vissu hvaða lista atkvæðið sé greitt. Umboðsmenn P- lista og V-lista gera ágreining og telja að meta eigi atkvæðið gilt og greitt V-lista.

43. Kl. 00:00 les oddviti upp fyrstu tölur sem skiptast svofellt:

B-listi Framsóknarflokksins	2.436
C-listi Viðreisnar	1.483
D-listi Sjálfstæðisflokksins	4.013
F-listi Flokks fólksins	1.469
J-listi Sósíalístaflakks Íslands	998
M-listi Miðflokksins	634
O-lista Frjálslynda lýðræðisflokksins	68
P-listi Pírata	2.407
S-listi Samfylkingarinnar	2.454
V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	3.192
Y-listi Ábyrgar framtíðar	77
Auðir	180
Ógildir	41
Samtals	19.452

44. Á tímabilinu 22:58 til kl. 00:24 berast síðari atkvæðakassar (en eini atkvæðakassi úr Klébergsskóla) og uppgjör frá kjörstöðum í kjördæminu.
45. Kl. 02:09 er úrskurðað um vafaatkvæði og er 86 atkvæði úrskurðað ógilt og 11 atkvæði gild. Viðstaddir eru umboðsmenn eftirfarandi framboðslista: Lára V. Júlíusdóttir, S-lista, Sigurbjörg Gísladóttir, V-lista, Fanný Gunnarsdóttir, B-lista, Jórunn Pála Jónasdóttir, D-lista, Jason Steinþórsson, P-lista, Hörður Gunnarsson og Örn Bergmann Jónsson, M-lista, og Oddný Eir Ævarsdóttir, J-lista.

Umboðsmenn gera ágreining um atkvæði sem merkt eru nr. 2-7 á sérstökum fylgiseðlum, undirrituðum af umboðsmönnum, sbr. fskj. 3 – 8 með fundargerð þessari, en samandregið er efni ágreinings eftirfarandi:

- **Ágreiningsatkvæði nr. 2** er greitt D-lista en við nafn frambjóðanda á listanum hefur verið sett kross auk örvar. Yfirkjörstjórn telur að meta beri atkvæðið ógilt þar sem

það sé auðkennt en umboðsmaður Pírata gerir ágreining og telur að meta eigi atkvæðið gilt og greitt D-lista.

- **Ágreiningsatkvæði nr. 3 – 6** eiga það öll sameiginlegt að ferningur hefur verið skyggður. Yfirkjörstjórn, til samræmis við fordæmi kjörbréfanefndar Alþingis, metur þessi atkvæði auð og sem slík ógild. Umboðsmenn, B-lista, D-lista, J-lista, P-lista, S-lista, og V-lista gera sameiginlega ágreining um þessi atkvæði og telja að hvert og eitt þeirra eigi að meta gilt og greitt þeim lista þar sem ferningur hefur verið skyggður.
- **Ágreiningsatkvæði nr. 7** er utankjörfundaratkvæði skrifað eigin hendi. Yfirkjörstjórn úrskurðar að það sé greitt D-lista, en umboðsmaður J-lista gerir ágreining og telur að atkvæðið beri að meta ógilt þar sem vilji kjósenda sé óviss.

46. Kl. 03:00 les oddviti upp aðrar tölur sem skiptast svofellt:

B-listi Framsóknarflokksins	3.461
C-listi Viðreisnar	2.081
D-listi Sjálfstæðisflokksins	5.482
F-listi Flokks fólksins	2.050
J-listi Sósíalistaflokks Íslands	1.470
M-listi Miðflokksins	920
O-lista Frjálslynda lýðræðisflokksins	114
P-listi Pírata	3.497
S-listi Samfylkingarinnar	3.367
V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	4.403
Y-listi Ábyrgrar framtíðar	132
Auðir	389
Ógildir	67
Samtals	27.433

47. Kl. 03:15 er úrskurðað um atkvæðasendingar utan kjörfundar og eru 15 atkvæðasendingar teknar til greina en 42 atkvæðasendingar eru ekki teknar til greina.

48. Kl. 04.37 liggja fyrir lokatölur þegar talin hafa verið öll greidd atkvæði sem skiptast svofellt:

B-listi Framsóknarflokksins	4.329
C-listi Viðreisnar	2.706
D-listi Sjálfstæðisflokksins	7.353
F-listi Flokks fólksins	2.694
J-listi Sósíalistaflokks Íslands	1.976
M-listi Miðflokksins	1.234
O-lista Frjálslynda lýðræðisflokksins	150
P-listi Pírata	4.508
S-listi Samfylkingarinnar	4.427
V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	5.597
Y-listi Ábyrgrar framtíðar	144
Auðir	483
Ógildir	127
Samtals	35.728

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. **04:40** að morgni 26. september 2021. Talningarsal er læst og öryggisverðir vakta talningarsal þar til kjörseðlar og önnur kjörgögn eru flutt í Ráðhús Reykjavíkur.

*STAÐFEST ENDURRIT ÚR GERÐARBÓK YFIRKJÖRSTJÓRNAR
REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS NORÐUR*

Reykjavík 28. september 2021

F.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður



*Erla S. Árnadóttir
oddyiti*



*Ari Karlsson
fundarritari*